# GJALDSKRÁ

**vegna breytinga á deiliskipulagi og vegna grenndarkynningar á byggingar- eða framkvæmdaleyfi hjá Kópavogsbæ.**

Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkt bæjarstjórnar frá 24. nóvember 2015 auglýsist hér með endurskoðuð ákvörðun bæjarstjórnar frá 23. nóvember 2010 um gjaldtöku vegna breytinga á deiliskipulagi og grenndarkynningar á byggingar- eða framkvæmdaleyfi. Er gjaldskráin tvískipt og nema gjöldin þeirri fjárhæð sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við skipulagsvinnu, kynningar og umsýslu. Gjaldskráin er bundin byggingarvísitölu. Byggingarvísitala desember 2015 er 128,1 stig.

| | | |
|---|---|---|
| A. | Kynningar og umsýsla: | |
| | Deiliskipulagsbreyting skv. 43. gr. skipulagslaga | kr. 108.885 |
| | Grenndarkynning skv. 44. gr. skipulagslaga | kr. 38.430 |
| B. | Skipulagsvinna, kynningar og umsýsla: | |
| | Deiliskipulagsbreyting skv. 43. gr. skipulagslaga | kr. 204.960 |
| | Grenndarkynning skv. 44. gr. skipulagslaga | kr. 89.653 |

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2016. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1064/2010.

*F.h. Kópavogsbæjar, 15. desember 2015,*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2015